

GANGNASEÐILL 2017

GREINARGERÐ UM STARFSTILHÖGUN FJALLSKILA

Um smölu heimalanda og úrtíning til og frá réttum.

Hver ábúandi er skyldur að hafa aðstöðu til innrekstrar og sundurdráttar á því fé sem úr hans heimalandi kemur. Skal hann sjá um sundundrátt á því fé sem á að ganga til réttar, svo úrtíningsmenn geti gengið að fénu án tafa. Bílfært sé að geymsluhófi úrtínings. Það er ekki æskilegt að fé af nagrannabæjum sé flutt til réttar, slikt veldur óþarfa þvælingi á fé og er mælst til þess að ábbúendur og fjáreigendur sjá til þess að það þurfi ekki að verða nema í litlu mæli.

Fjallskiladeild sér um flutning á úrtíningi til fyrstu og annarar réttar og svo utansveitar fé úr briðju heimalandasmölun.

Fjáreigandi sér um sitt fé, af þeiri rétt sem hann á sókn til. Úrtíningsmenn sækja fé á þverárrétt og Fótarrétt. Skulu þeir flytja féð til rétrra eigenda, allt að einni kind. Er nóg að sleppa fé í girðingar við veginn til að spa akstur. Fjallskiladeild sér ekki um flutning á úrtíningsfé á milli gangna, né eftir að réttum er lokið, öðru en utansveitarfé, til eða frá.

Þar sem aðeins eru auglýstar á gangnasedli tvennar smalanir á heimalöndum, er áhersla lögð á að allir sinni því af vandríkni, jafnt ógirt land sem afgirt, ef fjár er von.

Fjallskilastjóri áskilur sér rétt til að boða fleiri smalanir ef tvennar leitir að hausti duga ekki.

Ef fé finnst í heimalöndum eftir að smölu er lokið og það megi rekja til þess að illa eða ekki hafi verið smalað, skal viðkomandi bóndi sjá til þess að það komist til rétrra eigenda.



Fjallskil í Tungudeild haustið 2017

Heimili	Vetrar föðrað Fjártala	Gangna- kostn. á kind 650	BLEIKSMÝRARDALUR				AUSTURDALIR				Bæjar- rekstur 1.g 2g	Bila- kostn.	Skuld
			Austur Sandar og Svartárdalur 2.g.	Vestur Sandar og Miðpartur 1.g	Skarðs- dalur 2.g	Hjaltadalur 1.g	Belgsárdalur 2.g	Akstur					
Brúnagerði	33	21.450							21.450				0
Steinkirkja	70	45.500							20.000	20.000			5.500
Veturliðastaðir	48	31.200							20.000	10.000			1.200
Hróarsstaðir	68	44.200							20.000	20.000			4.200
Nes	35	22.750							20.000				2.750
Hrísgerði	185	120.250							30.000	10.000	20.000		250
Kambsstæðir	326	211.900							90.000	60.000	10.000		23.000
Birkihlíð	9	5.850	10.000										-4.150
Sigríðarstaðir	180	117.000							40.000	40.000	20.000		30.000
Háls	200	130.000											70.000
Samtals	1154	750.100	10.000	120.000	90.000	20.000	120.000	80.000	60.000	21.450	20.000	20.000	55.650

Tilhögun fjallskila haustið 2017

Nú verður byrjað á að gangna afréttarlönd og heimalönd sem þeim fylgia.

Lagt er af stað í fyrstu göngur fimmtdaginn 31. ágúst og gengið 1. og 2. sept. og réttar 3 sept. Í aðrar göngur verður lagt af stað föstudaginn 15.

september og gengið 16. og 17. Smölin til fyrstu gangna á Skarðsdal, Reykjafjalli, Sellandi og Illugastöðum fer fram laugardaginn 2. september og til annarra gangna sunnudaginn 17. september.

Smölin á heimalöndum til fyrstu gangna verða þá laugardaginn 9. september. Aðrar göngur í heimalönd skulu vera 23. september.

Pá skal hreinsa allt ókunnugt fé úr heimalöndum og úrtíningur fluttur til réttar í samráði við fjallskilstjóra.

Þriðju göngur boðaðar síðar. Fjáregendum sem eiga fjár von á Illugastaðarétt er bent á að lagfæra

pá dílka í réttini sem þeim tilheyra.

Skuldir eru með gjalddaga 1. des. 2017 og óskast greiddar fyrir 15. des. 2017.

Gangnastjórar verða:

Á Timburvalladal maður frá Sigríðarstöðum og bíll í allar göngur.

Á Bleiksmýrardal maður frá Kambsstöðum og bíll.

Gangnastjórar ákveða brottfarartíma. Ásvaldur á Sigríðarstöðum sér um

úrtíning úr Bárdardal, fyrstu og aðrar göngur. Haukur á Kambsstöðum

sér um úrtíning úr Eyjafjördi, fyrstu og aðrar göngur.

Eins og gangnaseðillinn ber með sér er dagsverkið metið á 10.000 kr., sem er:

Austurdalagöngur 2 dagsverk og Sandagöngur 3 dagsverk.

Önnur gangnasvæði eru 1 dagsverk.

Réttardagur á Illugastaðarétt er sunnudagurinn 3. september og hefst sundurdráttur kl. 9:00.

Með ósk um gott samstarf og góða ferð í göngurnar.

Hermann R. Herbertsson
Ingvar H. Kristjánsson
Ásgeir Sigurðsson